

Íþróttamaður ársins í taekwondo er Meisam Rafiei



Meisam Rafiei, er vel að titilinum kominn. Meisam er fæddur og uppalinn í Íran en fluttist til Íslands árið 2010.

Hann hóf þegar fulla þátttöku í landsliðsverkefnum sem iðkandi og aðstoðarpjálfari landsliðsins. Hann tók síðan við sem aðallandsliðspjálfari Íslands árið 2011. Hann gat þó ekki keppt fyrir Íslands hönd á Evrópu- og Heimsmeistaramótum fyrr en hann fékk íslenskan ríkisborgararétt árið 2012. Að vísu komu alvarleg meiðsli í veg fyrir að hann gæti keppt fyrir Ísland fyrr en upp út miðju ári 2013 og var hann ekki orðinn alveg góður af meiðslunum fyrr en í byrjun árs 2014.

Byrjaði hann keppnisárið með því að keppa á stórum topp styrkleika mótum eins og Ameríska opna, Kanadíska opna og svo í Svíþjóð á Trelleborg Open og byrjaði það mjög vel enda náði hann 3. sæti á því móti. Með því náði hann sér í stig inn á heimlistann sem hann hafði ekki gert í 2 ár vegna meiðslanna.

Keppti Meisam á nokkrum topp-styrkleika mótum út árið og vakti umtalsverða athygli og náði að vinna sterka andstæðinga, en náði því miður ekki á verðlaunapall á þessum mótum þó að oft hafi munað mjög litlu enda er þessi flokkur með þeim erfiðari vegna fjölda keppenda. Meðal annars keppti hann á Evrópumeistaramótinu í Baku og lenti í 16 sæti eftir að hafa tapað fyrir keppanda frá Portugal sem síðan stóð uppi sem sigurvegari mótsins og er núna númer 1 á styrkleikalista heimssambandsins.

Í október keppti Meisam á Serbneska opna, sem er topp styrkleika mót og endaði þar í 5-8 sæti af 29 keppendum. Þar var hann einnig sleginn út af sigurvegara mótsins, núna frá Mexíkó og bardagi þeirra tapaðist með minnsta mun 7-8 fyrir Mexíkóanum. Þess má geta að Mexíkóinn sigraði Evrópumeistarann í úrslitum og er núna númer 2 á heimlistanum.

Meisam keppti á Norðurlandamótnu í maí og sigraði þar sinn flokk með yfirburðum, og var áberandi sterkasti keppandi mótsins.

Meisam var í nóvember einn af 8 íþróttamönnum til þess að hljóta styrk frá Ólympíusamhjálpinni til þess að reyna að vinna sér inn keppnisrétt á Ólympíuleikunum í Rio 2016. Til þess að vinna 100% að því að uppfylla draum sinn um að keppa á Ólympíuleikum hefur hann sagt upp landsliðsþjálfarastöðu sinni, og þegar látið af störfum, til þess að einbeita sér að keppnum sem gefa stig í átt að Ólympíusæti, en aðeins 16 keppendur úr öllum heiminum komast inn í Ólympíuleikana í hverjum þyngdarflokki, Sex efstu á heimslista komast beint til Ríó en 16 bestu keppendur Evrópu þurfa að keppa á sérstöku móti um 2 laus sæti til viðbótar. Meisam er sem stendur í 16.sæti Evrópulistans.

Helstu afrek Meisams á árinu eru:

- Reykjavík International Games - 1.sæti.
- Norðurlandameistari
- Trelleborg opna – 3.sæti
- Kanadíska opna – 9.sæti
- Bandaríska opna – 9-16.sæti
- Hollenska opna – 16.sæti
- Gríska opna – 8.sæti
- Evrópumótið í Baku – 16. Sæti
- Serbneska opna – 8.sæti

